

Föstudaginn 8. júní 1956.

Nr. 43/1956. **Ákærvaldið**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sveinbirni Benediktssyni og

Einari Garibalda Einarssyni

(Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður. Refsing skilorðsbundin, og svipting réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 því eigi dæmd, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 22/1955.

Dómur Hæstaréttar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda á hendur ákærðu er niður fellt samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 22/1955 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Dæma ber á hendur ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Niður er fellt ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda á hendur ákærðu, Sveinbirni Benediktssyni og Einari Garibalda Einarssyni.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar og Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanna, kr. 700.00 til hvors.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 5. desember 1955.

Ár 1955, mánudaginn 5. desember, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af Jóh.

Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 3. desember s.l.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn þeim Sveinbirni Benediktssyni skipstjóra, Silfurgötu 8, Ísafirði, og Einari Garibalda Einarssyni sjómanni, Austurvegi 12, Ísafirði, fyrir brot gegn 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kröfur ákærvaldsins eru þær, að ákærðu verði látnir sæta refsingu samkvæmt hegningarlagaákvæði þessu, réttindasviptingu samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, greiða skaðabætur og allan sakarkostnað.

Ákærði Sveinbjörn Benediktsson, sem er fæddur 24. desember 1906 í Bolungavík, hefur sætt þessum refsingum:

1. 1928, 14. nóvember, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 16. gr. laga nr. 64/1928.
2. 1930, 17. september, 60 kr. sekt fyrir brot gegn 16. gr. laga nr. 64/1930 samkvæmt sætt.
3. 1931, 7. apríl, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 293. og 294. gr. hegningarlaga og 50 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögunum.
4. 1937, 24. desember, 25 kr. sekt samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 33/1935 samkvæmt sætt.

Ákærði Einar Garibaldi Einarsson, sem er fæddur 13. janúar 1919 á Ísafirði, hefur sætt þessum refsingum:

1. 1938, 3. október, 35 kr. sekt samkvæmt sætt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935 og 10. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.
2. 1939, 7. nóvember, 25 kr. sekt samkvæmt sætt fyrir brot gegn 3. sbr. 10. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.
3. 1941, 25. febrúar, 50 kr. sekt samkvæmt sætt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 10. desember 1954, um kl. 4.30, fór ákærði Sveinbjörn Benediktsson niður í bátahöfn, því að hann ætlaði á sjó. Stundaði hann um þær mundir rækjuveiðar á vélbát sínum Mumma, og var Einar Garibaldi Einarsson háseti hjá honum. Á eftir ákærða kom maður með sleða í drætti. Þegar ákærði kom niður að rækjuverksmiðjunni í Mjósundum, sá hann kassa upp við verksmiðjuvegginn. Stanzaði ákærði við kassann og beið eftir manninum, sem var með sleðann. Reyndist það vera Kjartan Pétursson, en ekki vissi ákærði önnur deili á honum en þau, að hann fékkst við reykingar á fiski í rækjuverksmiðjunni í Neðsta-kaupstað. Kjartan sagði ákærða að láta kassann vera og sagði um leið, að hann hefði verið að taka áfengi frá Jóni Ísak Magnús-

syni. Sá nú ákærði, að Kjartan var með áfengiskassa á sleðanum, og að það var áfengiskassi, sem var við verksmiðjuna. Kjartan spurði ákærða, hvort hann vildi ekki fá eitthvað af víninu, en hann neitaði því. Hélt ákærði síðan niður í Batahöfn og í bát sinn. Skömmu síðar kom Einar Garibaldi Einarsson til skips. Sagði Sveinbjörn honum frá því, sem fyrir hann hafði komið. Kom þeim nú saman um að fara niður í rækjuverksmiðjuna í Neðstakaupstað og athuga þetta nánar. Þegar þangað kom, var Kjartan inni í vinnusalnum, en fór fljótlega burtu. Gerðu ákærðu honum ekki aðvart um návist sína. Þegar hann var farinn, gengu þeir inn í húsið, sem var ólæst, og tóku þar allmargar áfengisflöskur og létu í poka og höfðu á brott með sér um borð í bátinn. Ekki töldu þeir áfengisflöskurnar, sem þeir tóku. Um kl. 5.30 héldu þeir síðan í veiðiferð inn í Djúp. Töldu þeir, að áfengisflöskurnar hefðu verið rúmlega 20, aðallega ákavíti, en eitthvað af sherry. Um kl. 18 komu þeir aftur af sjó. Hvarf Sveinbjörn þá í land, en Einar Garibaldi tók vínið og flutti það um borð í m/s Ásúlf, sem einnig lá í bátahöfninni. Dómarinn lét leita að áfenginu í vélbát ákærða Sveinbjarnar, en þegar ekkert fannst þar, var leitað í m/s Ásúlfi, og fundust þar 23 flöskur með áfengi, þar af tvær sherryflöskur, en 21 ákavítisflaska. Í vélbát Sveinbjarnar fundust hins vegar 1 tóm ákavítisflaska og 2 tómar sherryflöskur. Var áfengi þetta undir hurðinni á beitingarskýlinu í Ásúlfi og nokkrar flöskur í strigapoka þar hjá. Á leiðinni í land úr veiðiferðinni drakk Sveinbjörn úr tveimur flöskum af sherry. Ákærðu höfðu í hyggju að slá eign sinni á vín það, er þeir tóku.

Samkvæmt játningu ákærðu og öðru, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja sannað, að þeir hafi framið afbrot það, er í ákæruskjali greinir. Ákærði Sveinbjörn Benediktsson neytti víns úr tveimur sherryflöskum, samtals kr. 110.00 að verðmæti.

Ákærðu hafa með þessu atferli sínu gerzt brotlegir við 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi. Rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla, að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin.

Samkv. 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærðu frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Sveinbjörn Benediktsson greiði Jóni Ísak Magnússyni andvirði tveggja flaskna af sherry, kr. 110.00.

Ákærðu ber að dæma til greiðslu in solidum á öllum sakarkostnaði.

Dómsorð:

Ákærðu, Sveinbjörn Benediktsson og Einar Garibaldi Einarsson, sæti hvor um sig 45 daga fangelsi. Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla, að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Sveinbjörn Benediktsson greiði Jóni Ísak Magnússyni kr. 110.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. júní 1956.

Nr. 81/1956. Orkuvötn h/f

gegn

Raforkumálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 30. f. m., sem hingað barst 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð aukadómpings Ísafjarðarsýslu, upp kveðinn 24. f. m. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um dómkvaðningu þá, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar að mati dómsins.